

## 10. fundur

*Þriðjudaginn 20. mars 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófs fundur kl. 17.07.*

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Marinó Jónsson, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Sigurbjörg Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson og Aðalbjörn Arnarsson auk Björns Ingimarssonar sveitarstjóra.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna óskaði eftir að bæta á dagskrá undir liðnum innsend erindi til afgreiðslu. Óskar Haukur Óskarsson. Ósk um lausn frá störfum í nefndum og ráðum. Vímuvarnaráð Styrkbeiðni og var það samþykkt samhljóða. Einnig samþykkt samhljóða. Kennarar við Grunnskólann á Þórshöfn ósk um endursk. á hækku leiguverðs.

### Dagskrá.

#### 1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd, 20.02.07. Lögð fram.
- Byggðaráð, 05.03.07. Lögð fram.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að sveitarfélagið sjái starfsmönnum Fornleifafræðistofunnar fyrir húsnæði á meðan á dvöl þeirra stendur í tengslum við rannsókn á fornri rúst á Skoruvíkurbjargi í lok maí eða byrjun júní 2007.

Sveitarstjóra falið að kynna fyrirtækinu hvað í boði er. Samþykkt samhljóða.

- Íþrótt- og tómstundaráð, 07.02.07.

Samþykkt að óska eftir starfsreglum nefndarinnar til staðfestingar í hreppsnefnd.

Samþykkt samhljóða. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Íþrótt- og tómstundaráð, 07.03.07.. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Fræðslu- og menningarnefnd, 01.03.07. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd, 26.02.07. Fundargerð samþ. samhljóða.
- Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd, 05.03.07. Fundargerð samþ. samhljóða.
- Hafnarnefnd, 08.03.07.

Samþykkt að heimila Þistli að setja upp afgreiðsludælu fyrir báta við höfnina í tengslum við þær dælu sem fyrir eru. Staðsetning er háð samþykki hafnarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd 13.03.07.

Samþykkt að mælast til þess við Atvinnumálanefnd að nefndin taki til umfjöllunar niðurstöður íbúáþinga sem haldin voru á Þórshöfn í lok 2005 og byrjun árs 2006 þar sem til umfjöllunar voru m.a. atvinnumál svæðisins.

Sveitarstjóra falið að vinna ásamt ferðaþjónustuaðilum og atvinnumálanefnd að kynningarmálum svæðisins. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

## 2. Mál. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu.

## 3. Mál. Innsend erindi.

*Til kynningar.*

- Félagsmálaráðuneytið - Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Langanesbyggðar 2007.

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs nema áætluð framlög til sveitarfélagsins um 121,5 millj. kr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

- Ferðamálastofa - Svar við styrkbeiðni vegna úrbóta í umhverfismálum.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar harmar að Ferðamálastofa skuli hafna því að styrkja upplýsingagerð og úrbætur við áningastaði á Langanesi. Sveitarstjóra falið að koma bókun hreppsnefndar á framfæri við Ferðamálastofu og ráðuneyti ferðamála. Samþykkt samhljóða.

- Brunabót. Kynning á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands.

Til afgreiðslu.

- Skipulagsstofnun - Samráðsfundur skipulagsstofnunar og sveitarfélaga um skipulagsmál og umhverfismat á Akureyri 12. - 13. apríl.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að vísa málinu til byggðaráðs til afgreiðslu þar sem dagskrá ráðstefnunnar liggur ekki fyrir fyrir en síðar. Samþykkt samhljóða.

- Björgunarsveitin Hafliði - Ósk um viðræður vegna rekstrarstyrks til björgunarsveitarinnar.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til viðræðna við björgunarsveitina ásamt fulltrúum frá meirihluta og minnihluta hreppsnefndar (einum frá hvorum). Samþykkt samhljóða.

- Lánasjóður sveitarfélaga - Ársfundur og stofnfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, verði fulltrúi sveitarfélagsins á stofnfundinum og fari með atkvæði þess ásamt því að undirrita stofnsamning félagsins fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

- UMFL - Umsókn um styrk.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að afla upplýsinga frá UMFL um áætlaðan rekstur félagsins á yfirstandandi ári. Þegar að umbeðnar upplýsingar liggja fyrir verður erindi félagsins tekið til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

- Marínó Jónsson. Félagsþjónustan á Bakkafirði.

Marínó kynnti málið. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga fyrir næsta hreppsnefndarfund. Samþykkt samhljóða.

- Óskar Haukur Óskarsson - Ósk um lausn frá störfum í nefndum og ráðum.

Oddviti las upp bréf, dagsett 19. mars 2007, þar sem Óskar Haukur Óskarsson, segir sig frá öllum störfum og nefndum í þágu Langanesbyggðar með vísan til þess að viðkomandi hefur flutt búferlum til Njarðvíkur. Hreppsnefnd samþykkir að verða við þessari beiðni og þakkar um leið Óskari Hauki fyrir samstarfið. Samþykkt samhljóða.

- Vímuvannarráð - Styrkbeiðni.

Samþykkt að vísa afgreiðslu málsins byggðaráðs. Samþykkt samhljóða.

- Kennarar við Grunnskólann á Þórshöfn - Ósk um endurskoðun á hækkun leiguverðs.

Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu byggðaráðs. Samþykkt samhljóða.

#### **4. Mál. Þjónustumiðstöð**

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að sveitarstjóri vinni áfram að því að ná samningum við Vegagerð vegna Þjónustumiðstöðvar með það að markmiði að ljúka samningum fyrir 20. apríl nk. Sveitarstjóri skal vinna málið í nánú samráði við byggðaráð og skal samningur við Vegagerð háður samþykki hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

#### **5. Frárennismál á Bakkafirði**

Málinu frestað til næsta fundar þar sem ekki liggja fyrir nauðsynleg gögn frá hönnuðum. Samþykkt samhljóða.

#### **6. Þriggja ára áætlun - Fyrri umræða**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir áætluninni og helstu forsendum hennar.

Þriggja ára áætlun vísað til annarrar umræðu og skal stefnt að aukafundi hreppsnefndar miðvikudaginn 28. mars nk. vegna þessa. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá tæmd.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 20:19.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.